

L Ö G

um breyting á lögum nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Frestur sá, sem um ræðir í 16. gr. laga nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. 1. gr. laga nr. 90/1975, um breyting á þeim lögum, breytist þannig, að Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefni eigi síðar en 15. mars 1976.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er ríkissáttasemjara heimilt, ef annar hvor aðili óskar þess, að leita sáttu milli aðila allt til 7. mars 1976.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. janúar 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.